

**83. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
23. maí 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir varamaður, Stefanía Marta Katarínusdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks Grundaskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Magnús Vagn Benediktsson varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Gestir: Sigríður Ragnarsdóttir, Brynhildur Benediktsdóttir og Guðlaug Ásmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1805153 - Garðasel - fyrirkomulag skipulagsdaga

Erindi frá leikskólanum Garðaseli til skóla- og frístundaráðs vegna skipulagsdaga skólaárið 2018 - 2019.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu leikskólastjóra Garðasels.

2. 1805139 - Hagir og líðan ungs fólks á Akranesi 2018

Hagir og líðan ungs fólks á Akranesi.

Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk árið 2018.

Rannsóknina framkvæmdi Rannsóknir og greining ehf.

Opinn dagskráriður:

Verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnamála kynnti niðurstöður rannsóknar. Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi þess að niðurstöður verði kynntar foreldrum, annars vegar á heimasíðu bæjarins og á kynningarfundí í haust.

3. 1711030 - Útileikvöllur fyrir fullorðna (íþróttir fyrir fullorðna)

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti tillögu á fundi sínum 24. október 2017 um uppsetningu á útileikvelli fyrir fullorðna. Málinu var vísað til skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs. Verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði og umhverfisstjóra á skipulags- og umhverfissviði var falið að afla upplýsinga um tæki og staðsetningu.

Skóla- og frístundaráð þakkar kynninguna og fagnar fyrilliggjandi hugmynd.

4. 1804150 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2018 - úthlutun

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar hefur fengið úthlutað úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 2018 - 2019 kr. 972.000 til þess að halda námskeið um eftirfarandi:

Samvinna foreldra um nám og líðan barna.

Lærðómssamfélag - Leiðbeinandi vinnubrögð

Bekkjarbragur

Til kynningar.

5. 1805155 - Viljayfirlýsing Akraneskaupstaðar og ÍA

Viljayfirlýsing Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akranes um endurnýjun samnings um íþróttu og æskulýðsstarf á Akranesi.

Til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Jonasur Guðjónsson
Signíður Indriðadóttir
Ólava Íveigibjörg Grímarsd.
Signín Inga Guðnaddóttir
Kistinn Hallur Sveinsson
Valgarður Þorsteinsdóttir
Fríðhjörn Þórunn Sigvaldardóttir.